

Hrútey í Mjóafirði

Fornleifarannsókn

Frumathugun
Unnið fyrir Vegagerðina

Óskar Leifur Arnarsson
Ragnar Edvardsson

September 2007
NV nr. 11-07

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Markmið og aðferðafræði	2
3. Fornleifauppgröftur	3
4. Niðurstöður	5
5. Kort.....	6
6. Heimildaskrá.....	8

1. Inngangur

Síðustu mánuði hefur verið unnið að vegaf framkvæmdum vegna lagningar Vatnsfjarðarvegar í Ísafjarðarsýslu og í sumar hófust framkvæmdir í Mjóafirði en áætlað er að þvera fjörðinn um Hrútey. Árið 2000 tók fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða að sér að gera fornleifakönnun vegna tilvonandi vegstæðis og við þá skráningu (Ragnar Edvardsson, 2000, 2003) voru 4 minjastaðir skráðir í Hrútey. Engar ritaðar heimildir voru til um minjastaði í Hrútey en í heimild frá 13. öld er minnst á að eyjan hafi verið notuð til að geyma Hrúta (D.I. VII).

Hrútey stendur svo til við minni Mjóafjarðar og er um 400 metrar á lengd og 200 metrar á breidd. Eyjan er mýrlend og ber glögg merki um að torfskurður hafi verið stundaður þar fyrir á öldum.

Svo til fyrir miðri eyjunni var skráður minjastaður sem er 10 x 5 metrar að stærð. Í honum mótast fyrir tveim hólfum og það nyrðra er nokkuð stærra. Af yfirborði má ætla að hún sé nokkuð gömul, þar sem hún er mikið sigin og útflött. Norðvestur af fyrnefndum minjastað var skráður annar minjastaður, um 5 x 5 metrar að stærð. Á austur hluta eyjarinnar, rétt ofan við fjöruna, var svo þriðji minjastaðurinn skráður. Að sögn Reynis Bergsveinssonar landeiganda í Innri-Skálavík taldi hann að sú bygging hefði verið notuð síðast á fyrri hluta 20. aldar, þegar fólk var að sinna og gæta æðarvarps í eyjunni. Þessi minjastaður liggur ekki í vegstæðinu.

Ljóst var að minjastaðir 1 og 2 færu undir vegstæðið og því óskaði Fornleifavernd Ríkisins að framkvæmd yrði könnunarrannsókn áður en að hægt væri að ákveða hvort minjastaðirnir mættu vera fjarlægðir án frekari rannsókna eða til frekari rannsókna kæmi.

Könnunaruppgröftur fór fram dagana 22.-31. ágúst 2007. Grafnir voru tveir könnunarskurðir í rústir 1 og 2. Rannsóknina framkvæmdi Óskar Leifur Arnarsson, fornleifanemi, undir stjórn Ragnars Edvardssonar, fornleifafræðings. Að auki aðstoðaði Snævar Víðisson, starfsmaður Vegagerðarinnar á Ísafirði, við rannsóknina.

Í þessari skýrslu er birt eingöngu frumniðurstöður rannsóknarinnar og endanlegar niðurstöður koma ekki fyrir en að gengið hefur verið frá öllum uppgraftrargögnum.

Skýrsluhöfundar vilja þakka öllum þeim sem aðstoðuðu á einhvern hátt við uppgröftinn, s.s. samstarfsfólki á Náttúrustofu Vestfjarða, Snævari Víðissyni hjá Vegagerðinni, Stígi Sturlusyni hjá KNH verktökum, auk annara starfsmanna KNH sem aðstoðuðu á einhvern hátt. Sr. Baldur Vilhelmsson prestur í Vatnsfirði fær þakkir fyrir fróðlegt samtal um byggð á svæðinu. Þá ber sérstaklega að þakka Reyni Bergsveinssyni, landeiganda í Innri-Skálavík, fyrir afnot af bát og kaffiskúr í Hrútey og fróðlegt spjall um notkun eyjarinnar.

2. Markmið og aðferðafræði

Könnunarskurðirnir sem teknir voru í Hrútey flokkast undir björgunarrannsókn, þ.e. rannsókn er framkvæmd á minjastað sem ljóst er að muni eyðileggjast vegna framkvæmda. Markmið slíkrar rannsóknar er að safna eins nákvæmum upplýsingum svo hægt sé í beinu framhaldi að áætla gildi minjastaðarins, þ.e. hvort þurfi nákvæmari rannsókn eða að eyðileggja meggi hann án frekari rannsókna.

Við rannsóknina var beitt *single context* uppgraftrartækni, þ.e. hver fornleifafræðileg eining var teiknuð, mæld, ljósmynduð og síðan grafin í burtu. Hugmyndafræðin bak við *single context* uppgraftrartækni byggir á því að hvert mannvistarlag er fjarlægt í öfugri tímaröð. Með því er saga uppgraftrarsvæðisins skráð af nákvæmni þar til að svæðið er

komið á þann tímapunkt er mannvist hófst. Með þessu fæst nákvæmt yfirlit af svæðinu og þær breytingar sem hafa átt sér stað á uppgraftrarsvæðinu í gegnum tíðina.

3. Fornleifauppgröftur

Bygging 1 (Minjastaður 1):

Í minjastað 1 var grafinn könnunarskurður (skurður 1) sem var 2 x 4 metrar, með stefnuna austur/vestur. Skurðurinn var tekinn fyrir innan vestur langvegg og út yfir austur hlið sama veggjar.

Eftir að yfirborðstorf [100] hafði verið fjarlægð koma í ljós grjót og fokmold með einhverju af torfusneplum í úr vegggruni [101]. Undir nokkuð stórra grjóthellu í þessari einigu [101] kom í ljós nokkuð af beinum, líklega fiskbein.

Þegar yfirborðslagið [100] hafði verið hreinsað innan úr rústinni kom í ljós lag [102] blandað torfi og fokmold og með talsverðu magni af flötum smásteinum frá ca. 5-15 cm í þvermál. Líklega er um að ræða hrun úr þaki. Þetta lag var allt að því 10 cm þykkt. Það lá upp að lagi [101]. Í norðvestur horni lags [102] var það nokkuð blandað af sjávarslípaðri smásteinum/möl. Ekki er ljóst hvernig á þessu stendur, en mögulega hafa steinarnir borist þangað með torfi eða að þeir séu þarna vegna sjávargangs eða einhverra frostlyftinga.

Undir lagi [101] fór hleðslutorfið að verða mun greinilegra og þéttara og magn hleðslugrjóts að aukast. Þetta lag er framhald af hruni úr vegg en nánast laust við fokmold og mun þéttara í sér og fékk það einingar númerið [103]. Úr þessu lagi komu nánast allir fundir sem fundust í skurðinum, leifar dýra og kolamolar. Dýraleifarnar eru bein úr spendýri, fuglum og lítil brot úr ígulkeri sem hafði varðveist undir stórra grjóthellu.



Mynd 1. Vegggrun [103], séð til norðurs. 2 metrar eru á milli hælanna. Ljós. ÓLA.



Mynd 2. Snið hruns inn í tóftinni. Neðst í sniðinu sést móta fyrir vegg. Ljós. ÓLA.

Þegar lag [102] var fjarlægð kom í ljós mun þéttara torflag [104] með stærri steinum, bæði hleðslusteinum og flötum hellum. Eðli þessa lags er að öðru leiti nokkuð óljóst. Ólíklegt er að um sé að ræða gólflag, en þó er það ekki alveg nógu skýrt. Mögulegt er að lagið sé hluti af hruni úr vegg eða þaki. Vegna mikilla rigninga síðustu 3 daga var ákveðið að hreyfa ekki við þessu lagi, þar sem það var farið að verða leðjukenndara og mörk þess að verða óljósari af þeim sökum.

Ekki er hægt að nota þá fundi sem komu í ljós við rannsóknina til að aldursgreina bygginguna eða segja til um eðli hennar, þ.e. allir fundirnir koma úr hruni. Því verður ómögulegt að segja til um hvort þeir hafi verið í byggingarefninu (torfi) áður en húsið reis, lent þar á meðan á byggingu/ notkun stóð eða lent í hruni þegar byggingin var að falla. Varðveisla beina var nokkuð góð. Vert er þó að benda á að ekki fundust neindir gripir frá 20. öld sem bendir sterklega til að rústin sé mun eldri en 100 ára.



Mynd 3. Snið vegghruns, séð til suðurs. Ljós. ÓLA.

Þó má leiða líkum að því að kolamolarnir bendi til þess að farið hafi verið með eld í nágrenni rústarinnar ef ekki í henni sjálfri. Ef þau dýrabein sem fundust þarna eru af mannavöldum, þá koma þau úr öllum helstu flokkum, fiskar, fuglar og spendýr.


Minjastaður 2:

Í rúst 2 var grafinn könnunarskurður (skurður 2) sem var 2 x 3 metrar, með stefnuna norðvestur/suðaustur.

Þegar svæðið hafði verið aftyrft kom í ljós að ekkert var þar sem benti til þess að staðurinn væri manngerður. Því var tekin sú ákvörðun að grafa mjórri skurð um 50 cm breiðan í suðvestur hluta svæðisins. Komið var niður á klöpp á 30 cm dýpi og henni fylgt. Kom í ljós að hún myndaði v-laga lægð og höfðu þúfnaraðir gróið á toppum klapparinnar, svo að sjá minnti þetta á rúst. Í ljós kom að um náttúrumyndun var að ræða.



Mynd 4. Séð til norðvesturs. Ljós. ÓLA.



Mynd 5. Dýpsti hluti sniðsins, séð til norðausturs. Ljós. ÓLA.

Umfjöllun um rúst 1

Ljóst var á vettvangsathugun að Hrútey er mjög landfræðilega afmörkuð eyja. Þar er engin flæðihætta fyrir búpening og eyjan er grösug og gott beitiland. Það sama kom einnig fram í samtali höfundar við Reyni Bergsveinsson, landeiganda (Reynir Bergsveinsson, pers.com).

Íslenska sauðkindin er ágætlega veðurþolin og þolir vel að vera úti allt árið um kring. Enn í dag tíðkast að hafa sauðfé úti á vetrum. Til dæmis tíðkast vetrarþétt enn í Breiðafjarðareyjum og þá helst í eyjum sem fé stafar ekki flæðihætta í. Það fé er úti allt árið og ekki hús til staðar fyrir það.

Því má ætla að nokkuð ólíklegt sé að rúst 1 sé útihús, þ.e. fjárhús eða hrútakofi. Ef svo væri hefði annað hvort þurft að hafa gæslumann úti í eyjunni á þeim tíma sem fé væri á húsi eða að róa þangað tvisvar á dag. Seinni kosturinn væri nær ómögulegur. Sundið út í Hrútey er mjög straumþungt og eins geta veður sett strik í reikninginn. Þó benti Sr. Baldur á að í Borgarey sem tilheyrir Vatnsfirði hefði fé verið haft á útibeit á fyrri hluta 20. aldar og það hefði vanist á að ganga í opin hús í vondum veðru. Borgarey er þó mun stærri en Hrútey og fjöldi rústa þar. Þá er rúst 1 það sigin og flöt sem bendir til að hún sé nokkuð gömul, í það minnsta yfir 200 ára. Reyni fannst mjög ótrúlegt að byggð hefðu verið fjárhús í Hrútey, þar sem íslenska sauðféð þyldi vel að ganga úti. Frekar væri að annað hvort hefði verið nokkurs konar selstaða í Hrútey eða þá að þar hefði verið slegið og fjárgæslumaður í eyjunni til að halda fé frá slægjublettum. Í Breiðafjarðar eyjum tíðkaðist nokkurs konar selstaða í úteyjum fyrir á tímum. Þá benti Reynir á að það hefði mjög ólíklega verið farið daglega í eyjuna að vetri á bát til að gefa vegna sjávarstrauma og veðurs.

Þá er vitað að rúst 3 var notuð af fólki þegar æðarvarpinu var sinnt á sumrin. Því er sá möguleiki líka fyrir hendi varðandi rúst 1. Rúst 1 er nokkuð stór bygging (10 x 5 metrar) og hefur tvö rými. Í byggingu hennar hefur verið notað nokkuð stórt hleðslugrjót og er möguleiki á að veggurinn samanstandi af tvöfaldri steinaröð, þó að það sé ekki alveg orðið ljóst á þessu stigi málsins.

4. Niðurstöður


Rúst 1:

Ekki reyndist unnt að fá afgerandi niðurstöður um eðli rústar 1 með könnunarskurði. Notkun hennar er nokkuð óljós og má telja ólíklegt að um sé að ræða fjárhús eða hrútakofa. Við rannsóknir á byggingum, bæði þegar rætt er um íveruhús eða útihús, á tímabilinu 1700 – 1900 finnast nær undantekningarlaust gripir af nútímalegri gerð, s.s. leirkerabrot, naglar, osfrv. Ekki fundust neindir gripir sem geta aldursgreint rústina af nákvæmni en vöntun á gripum frá 1700 – 1900 bendir sterklega til að byggingin sé eldri en 300 ára. Rústin sjálf er mjög sigin og útflött og talsverður jarðvegur hefur safnast ofan á hana, 20 – 60 cm af jarðvegi og bendir það sterklega til þess að rústin sé mjög gömul. Af þessum sökum má draga þá ályktun að minjastaður 1 sé þó nokkuð gamall og líklega eldri en 300 ára.


Rúst 2:

Könnunarskurður leiddi í ljós að hin meinta rúst 2 var náttúrumynd.

5. Kort.



Mynd 6. Afstaða minja í Hrútey gagnvart vegstæðinu. (RE. 2003).



Mynd 7. Afstaða könnunarskurða í Hrútey. Ath.vegstæðið sést hér sem mjó lína, en er í raun breiðari. (RE. 2003).

6. Heimildaskrá

Ragnar Edvardsson. 2000. *Deiliskráning vegna Vatnsfjarðarvegar í Ísafjarðarsýslu*, Fornleifastofnun Íslands, FS107-9921, Reykjavík.

Ragnar Edvardsson. 2003. *Deiliskráning vegna Vatnsfjarðarvegar í Ísafjarðarsýslu. Viðbótarskýrsla*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 5-03.

D.I., *Dimplomatarium Islandicum*, VII, Hið Íslenska Bókmenntafélag, Reykjavík.

Munnlegar heimildir:

Sr. Baldur Vilhelmsson, Vatnsfirði

Reynir Bergsveinsson, Innri-Skálavík